



SAMPYKKT ÁLYKTUN VARÐANDI RÉTTINDI VEGNA FRÁFALLS AÐSTANDENDA / NÁKOMINNA ÆTTINGJA EÐA LANGVINNRA VEIKINDA AÐSTANDENDA / NÁKOMINNA ÆTTINGJA FÉLAGSMANNA

Sjötti aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 8. -9. maí 2014 hvetur samninganefndir grunnskólakennara og sveitarfélaga til að bæta inn í kjarasamning grunnskólakennara ákvæði vegna fráfalls nákomins ættingja, samanber grein 11.11.1 í kjarasamningi leikskólakennara.

Einnig hvetjum við sömu aðila til að sjá um að tryggð verði sambærileg réttindi vegna langvinna veikinda aðstandenda/nákominna ættingja.